



FUNDARGERÐ
15. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 4. október 2023
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir liðum 1-3.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2023 - 2302140

Rekstraryfirlit jan-ágú 2023

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstrartölur fyrstu 8 mánuði ársins. Nokkuð er um frávík sem skýrast að mestu af auknum launakostnaði vegna kjarasamningshækkana og hærri verðbólgu en gert var ráð fyrir.

2. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2023. Viðaukar - 2309065

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2023

Lögð fram beiðni frá Grunnskólanum á Hellu vegna aukins stöðugildis stuðningsfulltrúa vegna þrifa í nýbyggingu og gæslu utanhúss og 60% starf vegna aukins stuðnings. Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór síðan yfir tillögu að viðauka 1 fyrir Odda bs.





Lagður fram viðauki 1 við rekstraráætlun Odda bs 2023. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn gerir ráð fyrir auknum rekstarkostnaði að fjárhæð kr. 63.160.000 sem stafar að langmestu leyti af hækkun á launakostnaði vegna áhrifa kjarasamninga. Nemur sú fjárhæð kr. 46.000.000 en gert var ráð fyrir 5% launhækkun en meðaltalshækkun varð 8,8%. Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna frá Ásahreppi kr. 8.724.000 kr. og Rangárþingi ytra kr. 54.436.000.

Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu. Ljóst er að útgjöld vegna reksturs Laugalandsskóla er talsvert umfram það sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Stjórn leggur áherslu á að forstöðumenn fylgi samþykktum fjárhagsáætlunum eins og kostur er, öll frávík frá áætlunum þurfa að koma til umfjöllunar stjórnar áður en til þeirra er stofnað. Sveitarstjóra og formanni stjórnar Odda falið að ræða við skólastjórnendur um leiðir til úrbóta.

3. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2024 - 2309076

Undirbúningur fjárhagsáætlun Odda bs. 2024-2027

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir undirbúning fjárhagsáætlunar Odda bs. fyrir

árið 2024.

4. Opnunartími leikskóla - 2309062

Á fundinn mæta Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum og gerðu einnig grein fyrir hugmyndum um neyðarvistun leikskólabarna þegar leikskólar væru lokaðir milli jóla og nýárs

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar og vísar hugmyndum um neyðarvistun til haustfundar Odda bs.

5. Leikskólinn Laugalandi. Staða umbótaáætlunar - 2309061

Lagðar fram upplýsingar um stöðu á umbótaáætlun vegna leiksskólans á Laugalandi og Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri gerði grein fyrir stöðunni.

Stjórn þakkar leikskólastjóra fyrir upplýsingarnar.

6. Menntavísindastofnun HÍ. Íslenska æskulýðsrannsóknin - 2309079

Lögð fram til kynningar niðurstöður í íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið. Rannsóknin fór fram vorið 2023 í Grunnskólanum á Hellu.

7. ADHD samtökin - Styrkumsókn 2023 - 2308001

Lögð fram beiðni frá ADHD samtökunum eftir samstarfi við Rangárþing ytra um aukna fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu, um ADHD og fyrir fólk með ADHD. Samstarfið gæti verið í formi reglulegs námskeiðahalds fyrir starfsmenn bæjarins sem vinna með börnum með ADHD eða beins styrks við starfsemi samtakanna á svæðinu.

Stjórn þakkar fyrir erindið en hyggst ekki nýta sér þetta úrræði að þessu sinni.

8. Haustfundur Odda bs. 2023 - 2309075

Stjórn samþykkir að haustfundur Odda bs. verði haldinn mánudaginn 9. október kl. 16:00 í fundarsalnum Laugum í Miðjunni á Hellu.

9. Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla - Mennta- og barnamálarn. - 2302156

Lagt fram til kynningar.

10. Meðferðarheimilið Lækjarbakki - samningur við Laugalandsskóla 2023-2025 - 2309005

Lagt fram til kynningar.




Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson



